



## Bæjarstjórn - 1197

### FUNDARBOÐ

1197. fundur bæjarstjórnar verður haldinn í bæjarstjórnarsal, Hábraut 2,  
28. maí 2019 og hefst kl. 16:00

#### Dagskrá:

#### Dagskrármál

1. 1905611 - Viðaukar við fjárhagsáætlun 2019

*Frá fjármálastjóra, lagður fram viðauki I við fjárhagsáætlun 2019 vegna aukinna útgjalda við kaup á Ögurhvarfi 4a, sjá mál 3.2 á dagskrá fundarins.*

#### Önnur mál fundargerðir

2. 1905010F - Bæjarráð - 2958. fundur frá 16.05.2019

*Fundargerð í 19. liðum.*

- 2.2 1902025 - Menntasvið-framlög vegna frístundar í einkaskólum

*Frá sviðsstjóra menntasviðs, dags. 2. maí, lögð fram til samþykktar tillaga að gjaldskrá um framlög vegna frístundar í einkaskólum.*

#### **Niðurstaða Bæjarráð - 2958**

Bæjarráð vísar málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

- 2.10 1905135 - Borgarlína. Samkomulag um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning 2019-2020 vegna lagningar Borgarlínu

*Frá SSH, dags. 7. maí, lögð fram tillaga að samkomulagi aðildarsveitarfélaga SSH um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning vegna lagningar Borgarlínu, sem var samþykkt á fundi stjórnar SSH þann 6. maí sl. og vísað til afgreiðslu aðildarsveitarfélaga.*

#### **Niðurstaða Bæjarráð - 2958**

Bæjarráð samþykkir að vísa málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

3. 1905017F - Bæjarráð - 2959. fundur frá 23.05.2019

*Fundargerð í 23. liðum.*

- 3.2 1905057 - Tónlistarskólinn Tónsalir, húsnæðismál

*Frá bæjarstjóra, dags. 21. maí, lagt fram erindi um kaup á Ögurhvarfi 4a. Einnig lagt fram upphaflegt erindi frá fjármálastjóra og rekstrarstjóra menntasviðs, dags. 7. maí, um húsnæðismál tónlistarskólans Tónsala þar sem lögð voru til kaup á Ögurhvarfi 4a og útleigu til tónlistarskólans í kjölfarið, ásamt minnisblaði sviðsstjóra menntasviðs um umferðaröryggi og samgöngur vegna aðgengis að Ögurhvarfi 4a frá 14. maí.*

*Bæjarráð samþykkti á síðasta fundi að fela bæjarstjóra að ganga til samninga við Tónlistarskólann Tónsali um fyrirkomulag húsnæðismála skólans og að málið skyldi koma að nýju fyrir næsta fund bæjarráðs.*

**Niðurstaða Bæjarráð - 2959**

Bæjarráð samþykkir með fimm atkvæðum að veita bæjarstjóra umbeðna heimild til að undirrita kauptilboð í fasteignina Ögurharf 4a.

- 3.3 1804418 - Skógræktarfélag Kópavogs, samstarfssamningur 2019.

*Frá sviðsstjóra umhverfissviðs, lögð fram drög að samstarfssamningi við Skógræktarfélag Kópavogs um skógrækt og rekstur í Guðmundarlundi.*

**Niðurstaða Bæjarráð - 2959**

Bæjarráð vísar afgreiðslu til bæjarstjórnar.

- 3.4 1901845 - Sunnubraut 30. Óskað eftir lækkun gatnagerðargjalda

*Frá bæjarlögmanni, dags. 13. maí, lögð fram umsögn um beiðni lóðarhafa Sunnubrautar 30 um lækkun gatnagerðargjalda.*

**Niðurstaða Bæjarráð - 2959**

Bæjarráð hafnar erindinu með þremur atkvæðum þeirra Birkis Jóns Jónssonar, Karenar Halldórsdóttur og Hjördísar Johnson en Theódóra Þorsteinsdóttir og Bergljós Kristinsdóttir greiddu atkvæði með erindinu.

4. 1905008F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 267. fundur frá 09.05.2019

*Fundargerð í 11. liðum.*

5. 1904002F - Hafnarstjórn - 110. fundur frá 08.04.2019

*Fundargerð í 3. liðum.*

6. 1905005F - Íþróttaráð - 92. fundur frá 09.05.2019

*Fundargerð í 6. liðum.*

7. 1905006F - Jafnréttis- og mannréttindaráð - 70. fundur frá 09.05.2019

*Fundargerð í 2. liðum.*

8. 1905011F - Leikskólanefnd - 107. fundur frá 16.05.2019

*Fundargerð í 22. liðum.*

9. 1905002F - Menntaráð - 42. fundur frá 07.05.2019

*Fundargerð í 5. liðum.*

10. 1904020F - Skipulagsráð - 52. fundur frá 20.05.2019

10.7 1902337 - Naustavör 13-15, 52-58 og 60-68. Breytt deiliskipulag.

*Lagt fram að nýju að lokinni kynningu erindi Archus arkitekta fh. lóðarhafa tillaga að breyttu deiliskipulagi Naustarvarar 13-66 (áður 13-84).*

*Tillaga að breyttu deiliskipulagi fyrir Naustavör 13 og 15.*

*Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir 4 hæða fjölbýlishúsi auk kjallara á lóðinni Naustavör 13 með alls 12 íbúðum. Í deiliskipulaginu er jafnframt gert ráð fyrir leikskóla á lóð Naustavarar 15.*

*Í breytingunni felst að lóðirnar Naustavör 13 og 15 eru sameinaðar og þar ráð gerður byggingarreitir fyrir fjögurra deilda leikskóla á 4.600 m<sup>2</sup> lóð, en byggingarreitir fyrir fjölbýlishúsið að Naustavör 13 er felldur niður. Aðkoma,*

*bílastæði og byggingarreitur breytist. Leikskólinn mun þjóna Bryggjuhverfi sem og vesturhluta Kársnes.*

*Tillaga að breyttu deiliskipulagi fyrir Naustavör 52 til 58.*

*Í breytingunni felst að aðkoma að Naustavör 52 til 58 breytist á þann hátt að vesturhluti Naustavara liggur nú beint norður af gatnamótum Vesturvarar og Naustavara. Bílastæði færast til vesturs og lóðarmörk breytast.*

*Tillaga að breyttu deiliskipulagi fyrir Naustavör 60 til 68 (áður 70-84).*

*Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir tveimur 4 hæða fjölþýlishúsum auk kjallara á lóðinni Naustavör 60-66 (áður 76-84) með alls 33 íbúðum.*

*Í breytingunni felst að koma fyrir á lóðinni byggingarreit á 3 og 4 hæðum með kjallara. Gert er ráð fyrir 54 íbúðum. Lóðarmörk og aðkoma að Naustavör 60-66 breytist á þann hátt að vesturhluti Naustavara liggur nú beint norður af gatnamótum Vesturvarar og Naustavara. Bílastæðum á lóð og í kjallara fjölgar. Bílastæðakrafa helst óbreytt. Fallið er frá kennileyti á byggingarreit. Heildarbyggingarmagn eykst um 4.230 m<sup>2</sup> og verður 7.020 m<sup>2</sup> eftir breytingu.*

*Opið svæði.*

*Göngu og hjólaleið norðan Vesturvarar nr. 12-20 breytist sem og kvöð um skógrækt. Á fundi skipulagsráðs 18. febrúar 2019 var samþykkt með tilvísan til 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa framlagða tillögu. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Kynningartíma lauk 13. maí 2019. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust á kynningartíma.*

#### **Niðurstaða Skipulagsráð - 52**

Skipulagsráð samþykkir framlagt erindi. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

#### **10.8 1903606 - Gulapíng 3. Breytt deiliskipulag.**

*Lagt fram að nýju erindi Andra Gunnars Andréssonar arkitekts, dags. 15. mars 2019 fh. lóðarhafa Gulapíngs 3 þar sem óskað er eftir að húsið fari út fyrir byggingarreit á jöðrum þannig að húsið færi þá 2 m. út fyrir byggingarreit suðurhlíðar hússins ásamt því að norðaustur horn bílgeymslu fer 2x 1,6 m. út fyrir byggingarreit norðurhlíðar. Pakkantur norðurhlíðar hússins fer 61 cm. upp úr byggingarreit og suðurhorn austurhlíðar fer 41 cm. upp fyrir byggingarreit ásamt því að öll suðurhlíðin nær 2m. út fyrir upprunalegan byggingarreit. Á fundi skipulagsráðs 18. mars 2019 var samþykkt með tilvísan í 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir lóðarhöfum Gulapíngs 1, 2 og 5, Hólmaþíngs 1, 2, 4 og Heiðapíngs 2, 4, 6 og 8. Kynningartíma lauk 2. maí 2019. Athugasemdir og ábendingar bárust á kynningartímanum.*

*Á fundi skipulagsráðs 6. maí 2019 var afgreiðslu málsins frestað og vísað í umsögn skipulags- og byggingardeildar. Á fundi skipulagsráðs 20. maí 2019 var lagt fram breytt erindi dags. 13. maí 2019 þar sem komið er til móts við innsendar athugasemdir og hæð fyrirhugaðs húss er lækkuð um 61 cm. Þá lagðir fram tölvupóstar frá Guðmundi G. Haraldssyni dags. 16. maí; Halldóri Sveinssyni dags. 16. maí; Ragnhildi Geirsdóttur, dags. 14. maí og Maríu Valdimarsdóttur dags. 14. maí 2019 þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við breytt erindi dags. 13. maí 2019 og lögð fram umsögn skipulags- og byggingardeildar dags. 20. maí 2019*

#### **Niðurstaða Skipulagsráð - 52**

Skipulagsráð samþykkir framlagt erindi. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

#### **11. 1905293 - 10. fundargerð skólanefndar Menntaskólans í Kópavogi frá 08.05.2019**

*Fundargerð í 5. liðum.*

Bæjarstjórn - 1197 28. maí 2019

12. 1905286 - Fundargerð 375. fundar Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 14.05.2014

*Fundargerð í 3. liðum.*

13. 1905119 - Fundargerð 470. fundar stjórnar SSH frá 06.05.2019

*Fundargerð í 7. liðum.*

14. 1905253 - Fundargerð 303. fundar stjórnar Strætó bs. frá 03.05.2019

*Fundargerð í 7. liðum.*

15. 1901006F - Umhverfis- og samgöngunefnd - 115. fundur frá 06.05.2019

*Fundargerð í 6. liðum.*

16. 1905009F - Velferðarráð - 45. fundur frá 13.05.2019

*Fundargerð í 14. liðum.*

Páll Magnússon, bæjarritari.